

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 135/1907*  
*komudagur 28.3.2008*

Nefndasvið Alþingis  
Félagsmálanefnd Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. mars 2008

**Efni: Umsögn um frumvörp um breytingar á lögum um atvinnuréttindi útlendinga og lögum um útlendinga.**

Vísinda- og tækniráð vann á síðastliðnu ári að verkefni sem kallað var framtíðarsýn 2020. Leitast var við að líta til framtíðar og draga fram þau atriði sem líklegt er að skipti máli hvað varðar vísindi, tækni og nýsköpun í framtíðinni. Á haustfundi ráðsins 18. desember var samþykkt ályktun „Áskoranir og áherslur í vísindum, tækniþróun og nýsköpun á næstu árum“, (sjá [www.vt.is](http://www.vt.is)).

Í ályktun ráðsins koma fram nokkur atriði sem ráðið telur áskoranir og áhrifavalda. Þar er meðal annar fjallað um „Samkeppni um hæfustu einstaklingana“ en þar segir: Samkeppnisstaða þjóðar veltur á getu til að laða að sér hæfustu einstaklingana. Ungt fólk sem hlotið hefur menntun, vísindalega þjálfun og reynslu erlendis velur sér búsetu þar sem tækifærin bjóðast. Aðbúnaður og skilyrði verða að vera með þeim hætti að innlent og erlent hæfileikafólk kjósi að lifa og starfa hér á landi.

Í umræðu innan ráðsins hefur oft verið fjallað um mikilvægi þess fyrir framþróun í vísindum og tækni að eiga möguleika á að laða til landsins hæft fólk til starfa í háskólum, stofnunum og fyrirtækjum. Hér er átt við sérfræðinga og nemendur. Ungt fólk með mikla menntun lítur á allan heiminn sem atvinnumarkað og íslenskt þekkingarsamfélag verður að eiga möguleika á að keppa um slíkt hæfileikafólk.

Starfsnefndir ráðsins fagna frumvörpum sem koma að nokkru leyti til móts við þau sjónarmið að styrkja þurfi samkeppnisstöðu Íslands að þessu leyti og leggur til að áhersla verði lögð á einfalda og skjóta framkvæmd á afgreiðslu mála þegar sérfræðingar, vísindamenn og nemendur í rannsóknatengdu framhaldsnámi eiga í hlut. Nefndirnar fagna sérstaklega lagfæringum á stöðu erlendra nema sem hingað koma til doktorsnáms en benda jafnframt á að sömu röksemdir eiga við um nemendur í meistaranámi. Meistaranevendur eru einn mikilvægasti starfskrafturinn í þeim öflugum rannsóknnum sem hér eru stundaðar um þessar mundir. Starfsnefndirnar telja sérstaka ástæðu til að undirstrika eftirfarandi atriði:


1. Íslensk fyrirtæki, stofnanir og háskólar leita í vaxandi mæli eftir að ráða til sín starfsfólk, sem býr að hæfni og reynslu, en þjóðerni eða uppruni skipta ekki máli.

2. Til að áhugavert sé fyrir erlenda sérfræðinga og nemendur í framhaldsnámi að koma og starfa á Íslandi verður að liggja fyrir að viðkomandi geti starfað hér í að minnsta kosti þrjú ár og að viðkomandi geti tekið með sér fjölskyldu sína.
3. Fyrir framþróun háskólasamfélagsins hér á landi er mikilvægt að geta laðað að góða erlenda stúdenta, sérstaklega til framhaldsnáms. Lagt er til að dvalarleyfi fyrir stúdenta verði lengra en 6 mánuðir í senn. Það kann að vera mikilvægt að veita einungis 6 mán. í upphafi, en síðan verði framlengt í samræmi við lengd viðkomandi náms. Mikilvægt er að fjölskylda viðkomandi námsmanns geti fylgt honum.

Vísinda- og tækniráð vill koma þessum sjónarmiðum á framfæri við endurskoðun umræddra laga og tilbúið til frekara samráð ef þess er óskað.

F.h. hönd vísinda- og tækninefnda

Vísinda og tækniráðs,



---

Hallgrímur Jónasson  
formaður tækninefndar